Brjef landshöfðingja *til sóknarprestsins á Akureyri* **um gjalddaga á prestsmötu og skyldu borgara og annara sjálfstæðra kaupstaðarbúa til að greiða presti offur og dagsverk.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, velæruverðugi herra, beiðzt leiðbeiningar um, hvort þjer eigið ekki heimting á, að prestsmötugjald það frá Möðruvallakirkju og Grundarkirkju, sem Akureyrar prestakalli hefur verið lagt út uppí tillag það, er því ber eptir lögum 12. janúar 1884, sje yður goldið þegar á þessu hausti eða fyrri hluta vetrar, og í annan stað leiðbeiningar um skyldu borgara og annara sjálfstæðra bæjarmanna á Akureyri til að gjalda presti offur og dagsverk. **118** 9. nóv.

Um þetta gefst yður til vitundar, að bæði þau atriði, er þjer þannig hafið óskað leiðbeiningar um, heyra eptir eðli sínu undir úrlausn dómstólanna, en jeg skal þó ekki færast undan að láta yður í ljósi skoðun mína um þau, sem er sú: um fyrra atriðið, að með því að prestsmata í raun og veru er hálfar leigur af kúgildum hlutaðeigandi bændakirkju, en gjalddagi á kúgildaleigum bæði eptir gamalli landsvenju og lögum nr. 1 frá 12. jan. 1884, 24. gr., er fyrir Mikaelsmessu ár hvert, þá eigið þjer heimting á, að prestsmata sú, sem yður ber frá áðurnefndum kirkjum, sje goldin yður eigi síðar en á Mikaelsmessu ár hvert, fyrsta sinni á yfirstandandi ári, en að yður sje óviðkomandi, hvað um hafi verið samið milli hlutaðeigandi gjaldenda og presta í því efni að undanförnu, þarsem slíkir samningar einungis geta hafa verið skuldbindandi fyrir embættistíma hvers einstaks prests. Um offurskyldu kaupstaðarbúa gildir að minni ætlun sama regla sem utan kaupstaða, sbr. reglugjörð 17. júlí 1782, 12. gr., og tilsk. 27. jan. 1847, 3. gr., sem sje, að sjerhver húsfaðir og sjálfstæður einhleypur maður, sem á 20 hundr. í fasteign eða í lausafje, eða hvorutveggju samanlögðu, eigi hvert ár að gjalda presti offur, sem ekki sje minna en 8 álnir, og að allir verzlegir konunglegir embættismenn, klausturhaldarar, kaupmenn og verzlunarþjónar, sem laun taka, eigi, þótt þeir ekki eigi svo mikla fasteign eða lausafje, sem nú var sagt, að gjalda presti árlega í offur að minnsta kosti 4 kr. Að því er loks snertir dagsverk til prests í kaupstöðum, þá er það venja, studd af mörgum yfirvaldaúrskurðum, að það skuli gjaldast af kaupstaðarborgurum, húsmönnum og þurrabúðarmönnum, sem eiga heimili forstöðu að veita, og af lausamönnum, hvort sem þeir tíunda nokkuð eða ekkert, ef þeir aðeins eru ekki í skiptitíund, og loks af einhleypum húsmönnum og vinnuhjúum, ef þau tíunda 60 áln. eða þar yfir.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi, dags. 15. okt. þ. á., hefur hreppsnefndaroddvitinn í Miklaholtshreppi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áfrýjað til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 19. ágúst þ. á., um sveitfesti Kristjáns Sigurðssonar á Þorgeirsfelli í Staðarsveit, en með þeim amtsúrskurði var staðfestur úrskurður sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, er ákvað að nefndur Kristján Sigurðsson væri sveitlægur í fæðingarhreppi sínum, Miklaholtshreppi. **119** 18. nóv.

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 7. þ. m., og þarmeð fylgjandi skjöl þau, er snerta þetta mál, verð jeg að vera sömu skoðunar og þjer um það, að þótt nefndur Kristján Sigurðsson hafi í júnímán. 1886 verið búinn að dvelja samfleytt 11 ár í Staðarsveit, þá hefur hann með þeirri dvöl sinni ekki getað unnið sjer þar sveit, með því að hann þáði sveitarstyrk bæði af fátækrafje Staðarsveitar og Miklaholtshrepp, áður en hann var búinn að vera þar full 10 ár, og þarsem nefndur Kristján Sigurðsson ennfremur ekki hefur dvalið annarstaðar en í Staðarsveit

31. dag desembermán. 1887.

Reykjavík 1887. Prentsmiðja Isafoldar.